



Borgarholtsskóli

Fundargerð

Fundarefni: Aðalfundur foreldraráðs Borgarholtsskóla
Dagsetning: 28. september 2021
Boðaðir: Foreldrar og forráðamenn nemenda Borgarholtsskóla (með tölvupósti, á vef skólans og á Facebooksíðu Foreldraráðs Borgó)
Mættir: Hátt í 30 foreldrar og forráðamenn mættu á fundinn, ýmist í skólastofu eða á Zoom. Frá skólanum: Anton Már Gylfason, Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir
Dagskrá: 1. Lög og tilgangur foreldraráðs 2. Kosningar fulltrúa í stjórn foreldraráðs 3. Kosning áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd 4. Önnur mál 5. Fyrirlestur frá Hugarafli

Fundargerð Anton Már Gylfason aðstoðarskólameistari kynnti dagskrána. Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir skólameistari byrjaði á að ávarpa fundinn og bauð alla velkomna. Hún hvatti foreldra til dáða og ítrekaði hve mikilvægt virkt og vel starfandi foreldraráð er. 1. Lög og tilgangur foreldraráðs Margrét Sveinbjörnsdóttir, formaður foreldraráðs, tók við og kynnti lög ráðsins og starfsemi þess. Samkvæmt lögum á að vera starfandi foreldraráð í framhaldsskólum vegna nemenda undir 18 ára aldri. Starfsemin hefur verið óvenjuleg síðasta árið eins og flest í samfélaginu. En þrátt fyrir það var ýmislegt gert. Aðalfundur síðasta skólaárs var t.d. ekki haldinn fyrr en í febrúar og fór hann fram á Zoom.
--



Borgarholtsskóli

Fundargerð

Á aðalfundi voru kosnir nýir fulltrúar í foreldraráð. Gestir frá lögreglu voru á fundinum, sem var mjög gott í kjölfar alvarlegs atviks sem átti sér stað í skólanum í janúar. Aðalfundi lauk á léttum nótum með uppistandi Ara Eldjárns.

Í apríl var boðið upp á fræðsluerindi í skólanum frá Samtökunum 78, undir yfirskriftinni Hinsegin 101. Fyrirlestur fór fram í hádegi í skólanum fyrir nemendur og síðdegis fyrir foreldra og starfsfólk á Zoom.

Fimmtudaginn 23. september var haldið upp á 25 ára afmæli Borgarholtsskóla með miklum glæsibrag. Foreldraráð gaf skólanum nýtt þyðhokkýborð og tvö taflborð af þessu tilefni.

2. Kosning fulltrúa í stjórn foreldraráðs

Í foreldraráði eru sex aðalmenn og tveir varamenn. Þremur aðalmönnum er skipt út á hverju ári, þau sem víkja nú eru Helga Björg Dagbjartsdóttir, Judith Ann Penrod og Ólafur Örn Jónsson. Einnig hætti Guðrún Arna Björnsdóttir sem varamaður. Þeim er öllum þakkað fyrir vel unnin störf.

Eftirtaldar sitja áfram í stjórn næsta starfsár: Guðrún Þórisdóttir, Hrafnhildur Karla Jónsdóttir og Margrét Sveinbjörnsdóttir.

Óskað var eftir framboðum þriggja nýrra aðalmanna í ráðið. Jón Þór Ragnars, Bragi Birgisson og Arnar Björnsson buðu sig fram sem aðalmenn og voru þeir kjörnir með öllum greiddum atkvæðum.

Einnig var óskað eftir tveimur varamönnum og stungið upp á Erlu Guðbjörnsdóttur og Önnu Þórdísi Bjarnadóttur. Þær voru kjornar með öllum greiddum atkvæðum.

3. Kosning áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd

Formaður foreldraráðs, Margrét Sveinbjörnsdóttir, er sjálfkjörin í skólanefnd.

4. Önnur mál

Spurt var um félagsgjöldin. Þau eru 2.500 kr., eru valfrjáls og birtast í heimabanka. Félagsgjöld eru notuð til að kosta margskonar fræðslu fyrir foreldra og nemendur, gefa gjafir o.fl. Fjármálastjóri skólans sér um bókhald fyrir ráðið og er það nokkuð vel statt. Ásta tekur fram að félagsgjöldin séu mikilvæg þar sem þau hafi dekkað marga, t.d. edrúpott á skólaböllum og raðagæslu. Edrúpottur var útskýrður og góðar umræður um hve vel skemmtanir hafa yfirleitt gengið, góð umgengni og nemendur til fyrirmyndar. Þótt vissulega



Borgarholtsskóli

Fundargerð

sé lítið búið að vera um skemmtanir síðustu annir þá styttist vonandi í að þær komist í eðlilegt ástand. Félagsgjöld eru einnig nýtt í margt annað fyrir nemendur.

Spurt var um aðstöðu fyrir hjól og hlaupahjól. Yfirbyggð hjólageymsla er við skólann en til stendur að fá leyfi til að læsa henni. Það eru myndavélar á skýlinu.

5. Fyrirlestur frá Hugarafli

Dagskrá fundarins lauk á mjög áhugaverðu erindi frá Hugarafli sem Hrafnhildur Sigurðardóttir flutti. Frábær fræðsla.

Að lokum þakkaði Margrét fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 19:10.

Fundargerð ritaði: Helga Björg Dagbjartsdóttir